

## 9. gr.

Á aðalfundi leggur stjórn félagsins fram endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess á liðna árinu, leggur fram áætlun um starfstílhögun og starfrækslukostnað á yfirstandandi ári. Aðalfundur ákveður hve miklu skuli úthlutað af arði, hvernig veiði skuli rekin og hverju skuli varið til fiskiræktar o. s. frv. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, svo sem við breytingar á samþykkt eða arðskrá. Þá þarf samþykki  $\frac{2}{3}$  félagsmanna.

Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar og á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, skal þess þá getið í fundarboði. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess þá getið í fundarbók.

## 10. gr.

Hver félagi hefur eitt atkvæði á fundum og má hann fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og skal þess getið í fundarbók.

## 11. gr.

Félagsmönnum og öðrum þeim er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax- og silung, nema þeir sanni, að það eigi að nota netið í vatni utan félagssvæðisins.

Um veiði til klaks og vísindalegra rannsókna fer eins og lög mæla fyrir.

## 12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

## 13. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélagið Blanda, nr. 173 26. sept. 1960.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

## um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði.

1. Umferð um Smyrlahraun nýtur forgangs fyrir umferð um Klettahraun.
2. Umferð um Hólabraut nýtur forgangs fyrir umferð um Ásbúðartröð (húsgata við Hvaleyrarbraut).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 3. mars 1978.*

**Einar Ingimundarson.**